

Reykjavík 22.8.2023

	KÓPAVOGSBÆR MÓTTAKID
24. ÁGÚ. 2023	
Málsnr.:	23082308
Bréfalykill:	505.05

Hafnarstjórn Kópavogs.

Kópavogsbær

Seatrips ehf. 621116 – 0530 óskar eftir samstarfi við Hafnarstjórn Kópavogsbæjar, varðandi aðstöðu og þjónustu í Kópavogshöfn. Seatrips ehf var stofnað 2016 og hefur síðan þá byggst hratt upp sem fyrirtæki í siglingatengdri ferðapjónustu. Aðal starfssvæði Seatrips er í Reykjavíkurhöfn, þar sem það er með 6 báta og skip. Auk þess rekur fyrirtækið 4 minni rútur sem taka allt að 20 manns fyrir dýrari ferðapjónustu. Reksturinn hefur gengið vel og er umtalsverð aukning á veltu á hverju ári. Heildarvelta fyrirtækjanna var á síðasta ári um 350 milljónir netto, eftir að greidd voru umtalsverð sölulaun til söluaðila víðs vegar um heiminn. Áætlaðar eignir fyrirtækisins eru rúmlega 600 milljónir og skuldir eru innan við 30 milljónir. Fyrirtækið hefur á þessu ári bætt við sig glæsilegu skipi fyrir 110 manns, auk bíla og minni báta. Velta fyrirtækisins er umtalsvert meiri en á síðasta ári. Starfsmenn hafa verið um 20 og mun fjölga samfara 30 til 50% árlegri aukningu á veltu. Starfsemi hefur líka orðið fjölbreyttari. Svona rekstur er æskilegt að hafa í fleiri fyrirtækjum, þannig erum við með Tindaberg slf sem sér um veitingar og IDT ehf (Iceland discover) sem er í sölu ýmiss konar ferða. Ekki er ólíklegt t.d. að stofnað verði sér fyrirtæki um sérferðir frá Kópavogshöfn, auk áætlana um venjulegar ferðir á núverandi skipum.

Við höfum áhuga að færa höfuðstöðvar okkar í Kópavogshöfn, og þurfum aðstöðu. Sjáum fyrir okkur byggingu sem getur tekið inn skrifstofur. Rib báta okkar, veitingaaðstöðu fyrir gesti okkar ofl. Áætluð stærð gæti verið 6-700 fm að grunnfleti.

Við höfum hug á að efla ferðapjónustu í Kópavogi og starfa vel með þeim fyrirtækjum sem nú þegar eru starfandi þar. Taka líka þátt í samfélaginu sem ábyrgt fyrirtæki og leggja okkar að mörkum að búa til betri Kópavog.

Virðingarfyllt

Svanur Sveinsson

f.h. Seatrips ehf

Svanur Sveinsson framkv.stj.

Afrit til Ásdísar Kristjánsdóttur bæjarstjóra Kópavogs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026